

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík 17. nóvember 2017
UST201710-006/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007 - 2027 - Víkurgerði - skógrækt

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 2. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027, skógrækt í landi Víkurgerðis.

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að landeigandi í Víkurgerði við sunnanverðan Fáskrúðsfjörð hyggst rækta allt að 40 ha skóg á landi sínu. Innan jarðarinnar er fjallið Sandfell, sem er sérstæður ríólíteitill. Sandfell er skráð í náttúruminjaskrá (sbr. eldri lög um náttúruvernd, nr. 44/1999) undir númeri 621 með svofelldri skilgreiningu: *621. Sandfell í Fáskrúðsfirði, Fáskrúðsfjarðarhreppi, S-Múlasýslu. (1) Sandfell í landi Víkurgerðis ásamt næsta umhverfi. (2) Afar sérstæður líparíteitill, hluti af hinni fornu Reyðarfjarðareldstöð.*


Einnig kemur fram að við gerð aðalskipulagsins var stuðst við landfræðilega afmörkun í landupplýsingagögnum Umhverfisstofnunar um afmörkun náttúruminjaskrársvæða en þar eru mörkin dregin utan um Sandfellið og svo til sjávar norðan þess. Einnig segir að þessi afmörkun er ekki bundin í náttúruminjaskránni sjálfri, aðeins ofangreindur texti sem tilgreinir fjallið og “næsta umhverfi”, og að fyrrgreindar fyrirætlanir landeiganda gefa tilefni til þess að endurskoða þessa afmörkun því ekki þykir ástæða til að láta verndarákvæði fyrir Sandfell standa í vegi fyrir landnotkun á borð við skógrækt á láglandi við fjörðinn.


Mörk svæða á náttúruminjaskrá

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að Sveitarstjórn Fjarðabyggðar hyggst koma til móts við ofangreind áform landeigenda með því að tilgreina á markvissari hátt mörk hverfis- og náttúruverndar í aðalskipulaginu.

Umhverfisstofnun bendir á að leita skal til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis varðandi nánari skilgreiningu á mörkum náttúruminjasvæða á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur